



Ársskýrsla 2009



Efnisyfirlit

| | |
|------------------------|-------|
| Frá hagstofustjóra | 2–3 |
| Skýrsla yfirstjórnar | 4–9 |
| Fjármál og rekstur | 10–11 |
| Samstarf við notendur | 12–13 |
| Starfsmannamál | 14–15 |
| Tölfræði um tölfræði | 16–18 |
| Afnot af gögnum | 19 |
| Skýrsla EUROSTAT | 20–21 |
| Lög ESB um hagskýrslur | 22–23 |
| Skipurit | 24–25 |
| Útgáfur 2009 | 26–27 |

Útgefandi

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Sími: 528 1000
Netfang: upplýsingar@hagstofa.is
Veffang: www.hagstofa.is

Ábyrgðarmaður

Ólafur Hjálmarsson

Hönnun og umbrot

Hagstofa Íslands

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur Gunnarsson, Bjarki Reyr Ásmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir, iStockphoto, Snorri Gunnarsson, Þorvaldur Örn Kristmundsson

Prentun

Oddi ehf.

Frá hagstofustjóra

Talsverð vinna fór í að undirbúa aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu

STARFSEMI Hagstofu Íslands árið 2009 markaðist einkum af tveimur þáttum. Annars vegar var lögð áhersla á að draga eftir fongum úr rekstrarkostnaði þar sem fjárveitingar drógust saman. Hins vegar fór talsverð vinna í að undirbúa aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Báðir þessir þættir munu áfram marka starfsemina árið 2010. Í kjölfar falls bankanna haustið 2008 var ljóst að stjórnvöld urðu að bregðast við minni tekjum og umsvifum með því að draga úr ríkisútgjöldum. Fjárveitingar til Hagstofu Íslands voru lækkaðar um 5% frá því sem var í fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga, en auk þess var gerð tímabundin 1,4% hagræðingarkrafa innan ársins í fjáráukalögum 2009. Þá lá einnig ljóst fyrir að árið 2010 yrði gerð krafa um 10% lækkun fjárveitinga og var brugðist við því þegar á árinu 2009.

LÖGUM BREYTT

Ný lög tóku gildi um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð 1. janúar 2008. Haustið 2009 var þeim lögum breytt og fluttust málefni Hagstofu Íslands frá forsætisráðuneytinu til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá og með 1. september 2009. Frá sama tíma tók Hagstofa Íslands að sér gerð opinberrar þjóðhagsspár og -áætlunar sem var flutt frá fjármálaráðuneytinu. Voru breytingarnar hluti af viðameiri tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

UMSÓKN UM AÐILD AÐ ESB

Alþingi Íslendinga samþykkti 16. júlí 2009 að fela ríkisstjórn að leggja fram umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hinn 23. júlí afhenti utanríkisráðherra formanni ráðherraráðs Evrópusambandsins umsóknina og 27. júlí samþykkti ráðherraráð Evrópusambandsins að vísa umsókninni til framkvæmdastjórnar

Evrópusambandsins. Spurningar framkvæmdastjórnarinnar til að meta umsóknina bárust íslenskum stjórnvöldum 9. september. Svaraði Hagstofa Íslands spurningum í kafla 18, um hagskýrslugerð, auk þess að veita ráðuneytum aðstoð við að svara ítarlegum spurningum um tölfræðileg málefni. Svörum íslenskra stjórnvalda við spurningum framkvæmdastjórnarinnar var skilað 21. október.

ÚTTEKT Á STÖÐU HAGSKÝRSLUGERÐAR

Í nóvember 2009 kom sendinefnd frá framkvæmdastjórninni, EUROSTAT, og gerði úttekt á stöðu hagskýrslugerðar á Íslandi. Bygðist úttektin á svörum við spurningum í 18. kafla og frekari gögnum sem hún aflaði sér hér á landi. Niðurstöður sendinefndarinnar voru lagðar fram 1. desember 2009 og er nánar fjallað um þær á bls. 20–21 í ársskýrslunni.

GERÐIR ESB UM HAGSKÝRSLUGERÐ

Miklar kröfur eru gerðar til hagskýrslugerðar í Evrópusambandinu og lögð áhersla á að gæði séu höfð að leiðarljósi, að hagskýrslur séu samræmdar og samanburðarhæfar, lýsi raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt, og að þeim sé miðlað eins fljótt og kostur er og á tilsettum tíma. Ísland hefur verið aðili að tölfræðisamstarfinu frá því að samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið (EES) var samþykktur árið 1994.

Flestar gerðir Evrópusambandsins um hagskýrslugerð hafa því verið innleiddar í viðauka XXI EES-samningsins. Þó að reglugerðirnar hafi öðlast gildi hér á landi hefur ekki tekist að innleiða nema 60–70% þeirra og hefur innleiðingin farið batnandi smám saman í gegnum árin. Ekki hefur verið gengið hart eftir framkvæmd sumra gerðanna svo lengi sem miðað hefur í rétta átt.

SKULDBINDINGAR INNLEIDDAR

Í aðildarferlinu þarf að innleiða skuldbindingar í hagskýrslugerð eða sýna fram á hvenær þær verði að fullu innleiddar. Á það einkum við um tölfræði um landbúnaðarmál, fyrirtækjatölfræði og tiltekna hluta af þjóðhagsreikningum. Auk þess koma til ný viðfangsefni og er þar einkum um að ræða tölfræði um utanríkisverslun sem breytist við að ytri landamæri gagnvart Evrópusambandinu falla niður. Verða þau verkefni til úrlausnar á allra næstu árum.

VÍÐTÆKT SAMSTARF

Hagstofan á samstarf við fjölda einstaklinga, heimila, fyrirtækja og opinbera aðila við öflun gagna til hagskýrslugerðar. Vilji þeirra til samstarfs og þátttöku í rannsóknum Hagstofunnar er ein af grunnstoðum hagskýrslugerðar. Hagstofan þakkar gott samstarf með von um áframhaldandi góðan skilning á mikilvægi hagskýrslugerðar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu áherslumálum í starfi Hagstofunnar árið 2009. Greint er frá helstu verkefnum og gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til hagskýrslugerðar.



Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

Fjárveitingar til Hagstofu Íslands fyrir árið 2009 voru lækkaðar um 6%



Skýrsla yfirstjórnar

Stofnunin hefur forystu um framkvæmd hagskýrslugerðar hér á landi

HAGSTOFA Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar sem aflar gagna og birtir tölfræðilegar upplýsingar um landshagi Íslands og önnur þjóðfélagsmál. Stofnunin hefur forystu um framkvæmd hagskýrslugerðar hér á landi og samskipti við alþjóðastofnanir á sama sviði. Hagstofan hefur verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð að leiðarljósi í sínum störfum og tryggir þannig að nákvæmar og áreiðanlegar tölfræðiupplýsingar um samfélagið á líðandi stund séu samræmdar og samanburðarhæfar. Til að geta sinnt hlutverki sínu á Hagstofan samstarf við fjölda einstaklinga, heimila, fyrirtækja og opinberra aðila við gagnaöflun. Lögð er rík áhersla á faglegt sjálfstæði, óhlutdrægni, fagleg vinnubrögð, trúnað og trúverðugleika gagnvart almenningsi, fyrirtækjum, stjórnvöldum og alþjóðastofnunum. Hagskýrslur eru birtar í samræmi við fyrirfram útgefna birtingaráætlun og er öllum tryggður jafn aðgangur að þeim.

Í yfirstjórn Hagstofunnar eru auk hagstofustjóra Magnús S. Magnússon, staðgengill hagstofustjóra og skrifstofustjóri félagsmálasviðs, Hólmfríður Gísladóttir, fjármála- stjóri, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu- og þróunar- sviðs og Rósmundur Guðnason, skrifstofustjóri efnahagssviðs. Alls hélt yfirstjórn 23 fundi árið 2009.

VERKLAGSREGLUR

Í störfum sínum fer Hagstofan eftir verklagsreglum í hagskýrslugerð sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti og gaf út sem tilmæli nr. 217/2005. Verklagsreglurnar voru innleiddar hér á landi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 578/2006.

Framkvæmdastjórnin lét gera jafningjamat á Hagstofu Íslands árið 2007 sem byggðist á tilmælunum og því hvernig verklagsreglurnar voru innleiddar. Verklagsreglur í hagskýrslugerð eru grunnurinn undir gæðamál hjá Hagstofunni og voru meginþættir þeirra birtir í ársskýrslu síðasta árs.

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu setti mark sitt á störf Hagstofunnar árið 2009 og verður áfram eitt meginverkefnið í hagskýrslugerð á næstu árum. Hagstofan á í sífellt nánari samskiptum við EUROSTAT, hagstofu Evrópusambandsins, enda ráðast öll helstu verkefni Hagstofunnar af reglugerðum og tilmælum frá framkvæmdastjórninni sem á seinni stigum eru felld inn í EES-samninginn.

ÞÁTTTAKA Í ALÞJÓÐASAMSTARFI

Hagstofan vinnur upplýsingar fyrir íslensk stjórnvöld, fyrirtæki, samtök og einstaklinga sem nauðsynlegar eru fyrir nútíma þjóðfélag. Í vaxandi mæli eru þær upplýsingar einnig mikilvægar í alþjóðlegu samstarfi og við mat á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi. Þátttaka í alþjóðasamstarfi í hagskýrslugerð, ekki síst innan Evrópusambandsins, er því mikilvæg til að tryggja gæði og að upplýsingar séu í samræmi við staðla. Umræða fer nú fram á alþjóðavettvangi um nauðsyn tímanlegra og hlutlausra upplýsinga sem séu sniðnar að þörfum stjórnvalda og annarra notenda. Má fastlega gera ráð fyrir að niðurstaðan verði breyttar áherslur í söfnun tölfræðiupplýsinga og auknar kröfur um gæði þeirra.

BREYTINGAR Á LÖGUM

Með lögum nr. 98/2009, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, var Hagstofan færð frá



Húsnæði Hagstofu Íslands, Borgartúni 21a.

forsætisráðuneytinu og heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðuneyti og gerð þjóðhagsspár færð frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofunnar. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu eru breytingarnar hluti af tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um víðtækar breytingar á verkefnum ráðuneyta, svo og aðrar umbætur í ríkisrekstri. Var talið skynsamlegt að vinna við að fylgjast með afkomu þjóðarþúsins og semja þjóðhagsspár og -áætlanir yrði í sjálfstæðri stofnun. Innan Hagstofunnar yrði sjálfstæð rannsóknareining aðskilin hagskýrslustarfseminni sem sæi um að semja þjóðhagsspár og -áætlanir og birta opinberlega. Með því fyrirkomulagi yrði áréttað mikilvægi þess að efnahagsspá innan ríkisins sé sjálfstæð og trúverðug. Ný rannsóknareining var stofnuð innan Hagstofunnar eftir samþykkt frumvarpsins og fluttust tveir sérfræðingar í þjóðhagslíkanagerð frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofunnar auk þess að gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna

tveggja annarra sérfræðinga. Voru breytingarnar gerðar í góðu samkomulagi við yfirstjórn Hagstofunnar.

UMSÓKNARFERLI AÐ ESB

Umsókn Íslands að ESB hafði talsverð áhrif á störf Hagstofunnar síðari hluta árs 2009. Hagstofan fór yfir stöðu hagskýrslugerðar samkvæmt 18. kafla lagasafns Evrópusambandsins og skilaði um það 65 síðna skýrslu til utanríkisráðuneytisins. Einnig aðstoðaði Hagstofan stofnanir og ráðuneyti við gerð og samræmingu svara þeirra um tölfræðileg málefni. Þá kom sendinefnd frá framkvæmdastjórninni og gerði úttekt á stöðu hagskýrslugerðar hér á landi og er nánar fjallað um niðurstöður hennar á bls. 20–21 í ársskýrslunni. Talsverð vinna fór í að svara spurningum um hagskýrslugerð og aðstoða aðra opinbera aðila og bættist það við önnur verkefni haustið 2009. Þá var lögð nokkur vinna í að undirbúa og halda fundi með sendinefndum frá Evrópusambandinu. ►

Hagstofan var færð til efnahags- og viðskiptaráðuneytis og ný rannsóknareining stofnuð

Hagstofan tekur að sér launarannsóknir fyrir opinberan vinnumarkað

TÖLUR UM ÞJÓNUSTUJÖFNUM Í FYRSTA SINN

Á árinu 2006 hófst vinna við gerð þjónustujafnaðar en það verkefni hafði verið unnið af Seðlabanka Íslands. Að beiðni Seðlabanka var birtingu niðurstaðna flýtt og hefur Hagstofan frá fyrsta ársfjórðungi 2009 gengið frá og birt niðurstöðurnar.

SAMNINGUR VIÐ KJARARANNSÓKNARNEFND

Undirritaður var samningur 11. mars 2009 við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) um að Hagstofan taki að sér launarannsóknir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir fyrir opinberan vinnumarkað. Samningurinn er hliðstæður samstarfssamningi sem Hagstofan gerði haustið 2004 við Kjararannsóknarnefnd og er mikilvægur áfangi í gerð samræmdra launarannsóknna á íslenskum vinnumarkaði. Samningur sá gekk í gildi í ársbyrjun 2005 og tók Hagstofan þar með við framkvæmd launarannsóknna á almennum vinnumarkaði. Með báðum þessum samningum eflist staða Hagstofunnar við að vinna sambærilegar upplýsingar um vinnumarkaðinn í heild á næstu árum.

RANNSÓKN Á LAUNAMUN KYNJANNA

Hinn 8. september 2008 gerðu Hagstofa Íslands, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samstarfssamning um rannsókn á launamun kvenna og karla sem byggist á gagnasafni Hagstofunnar. Hagstofan tók saman helstu aðferðir og skýringarbreytur sem fræðikenningar setja fram til skýringar á launamun karla og kvenna og lagði fram tillögur að grundvelli útreiknings á launamun kvenna og karla með

hliðsjón af gagnasöfnum Hagstofunnar og sérkennum íslenska vinnumarkaðarins. Hagstofan skilaði samningsaðilum lokaskýrslu 21. nóvember 2009. Hún birti almennar niðurstöður rannsóknarinnar 18. febrúar 2010 í ritroð Hagtíðinda undir heitinu: „Launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði 2000–2007.“

FERÐAVENJUKÖNNUN

Í nóvember 2009 voru niðurstöður ferðavenjukönnunar sem framkvæmd var árið 2007–2008 birtar. Könnunin var gerð samkvæmt samningi við Samgönguráðuneytið og þar er fjallað ítarlega um ferðavenjur Íslendinga.

VERKEFNISSTJÓRNUN

Lokið var við gerð handbókar með hugtökum og verkfærum til notkunar við verkefnisstjórnun. Handbókinni er ætlað að vera stuðningur við verkefnisstjóra og aðra sem koma að verkefnisstjórnun á Hagstofunni.

STARFSMANNA- OG FRÆÐSLUMÁL

Sett var sérstök viðverustefna og tekin upp Vinnustund við skráningu viðveru starfsmanna. Þá var áfram öflugt fræðslustarf á vegum Hagstofuskólans og var áhersla lögð á kynningu umsóknarferlis að ESB, auk þess sem starfsemi einstakra deilda var kynnt.

MÁLSTOFUR

Í ágúst var haldin málstofa um aðferðir í úrtaksrannsóknnum fyrir sérfræðinga Hagstofunnar í samstarfi við dönsku hagstofuna.

Í lok janúar 2009 var haldin málstofa um tekjugagnagrunna á vegum Hagstofunnar og Háskóla Íslands þar sem sænskir, danskir og íslenskir fræðimenn héldu fyrirlestra um gerð langsníðstekjugagnagrunna.



Yfirstjórn Hagstofu Íslands. Frá vinstri: Ólafur Arnar Þórðarson, Magnús S. Magnússon, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Ólafur Hjálmarsson, Hólmfríður Gísladóttir og Rósmundur Guðnason.

VINNUHÓPUR UM ÚTGÁFUMÁL

Útgáfunefnd hóf störf á árinu en nefndin er vettvangur stefnumótunar í útgáfumálum og er hlutverk hennar m.a. að endurskoða útgáfustefnu Hagstofu Íslands, koma að gerð birtingaráætlunar, ræða útgáfuhandbók sem styðja á útgáfustefnuna, svo og að hafa með höndum ritstjórn á útgáfum.

BIRTINGARÁÆTLUN BREYTT OG ÁSKRIFT BOÐIN AÐ FRÉTTUM

Í nóvember 2009 voru kynntar endurbætur á birtingaráætlun Hagstofunnar sem byggjast á tillögum útgáfunefndar um breytt verklag til samræmis við aðrar evrópskar hagstofur. Markmið breytinganna er að auka þjónustu við notendur með því að setja allt útgefið efni á birtingaráætlun, skapa meira svigrúm til að bæta gæði á útgáfum, fækka frestunum og setja skýrari reglur til að bæta þjónustu við

notendur, auk þess sem breytingarnar hafa í för með sér innra hagræði. Notendum var jafnframt gert kleift að gerast áskrifendur að fréttatilkynningum.

AÐHALD Í REKSTRI

Unnið var að aðhaldi í rekstri vegna minni fjárveitinga, ekki sist til að mæta boðuðum 10% niðurskurði árið 2010. Stofnaður var vinnuhópur starfsmanna sem skilaði tillögum í hugmyndabanka, auk þess að taka þátt í sparnaðarátaki fjármálaráðuneytisins. Gripið var til ýmissa aðgerða sem snerta bæði laun og önnur rekstrargjöld, dregið úr ferðalögum og ekki ráðið í afleysingar. Markmiðið var að ná fram um helmingi af boðuðum niðurskurði árið 2010 þegar á árinu 2009. ►

Vinnuhópur starfsmanna skilaði tillögum um aðhald í rekstri vegna minni fjárveitinga

Gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi í góðu horfi

HEIMSÓKN EUROSTAT

Í október 2009 var haldinn fundur með fulltrúum frá EUROSTAT þar sem farið var yfir skýrslu um aðferðafræði þjóðhagsreikninga sem Hagstofa Íslands hafði lokið við árið 2008 en hún er aðgengileg á vef Hagstofunnar. Í stórum dráttum má segja að niðurstöður fundarins hafi staðfest að gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi er í góðu horfi. Nokkrar athugasemdir voru færðar fram um atriði sem bæta mætti.

HEIMSÓKN FRÁ TÖLFRÆÐI-SKRIFSTOFU EFTA

Frá árinu 1991 hafa EFTA-ríkin rekið sameiginlega skrifstofu í húsakynnum

Hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT. Skrifstofan sér um samskiptin við EUROSTAT og veitir hagstofum EFTA mikilvæga þjónustu. Fulltrúar skrifstofunnar heimsóttu Hagstofu Íslands og kynntu tölfræðisamstarf Evrópusambandsins fyrir starfsmönnum auk þess að kynna sér starfsemi Hagstofunnar með því að funda með einstökum deildum.

TRÚNAÐARGAGNANEFND

Á Hagstofunni starfar Trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem einkum berast frá vísindafólki um aðgang að trúnaðargögnum vegna vísindarannsókna. Strangar reglur gilda



Hagstofustjóri ræðir við gesti.



Frá starfsmannadegi.

um slíkt aðgengi að grunnögnum og er farið að verklagsreglum um meðferð tónaðargagna frá 29. desember 2006 og lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk laga og reglna um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð. Alls bárust Trúnaðargagnanefnd 34 erindi árið 2009.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf er einn af hornsteinum hagskýrslugerðar. Sífelld eru gerðar meiri kröfur um gæði hagskýrslna og sambærileika milli ríkja. Vaxandi alþjóðleg samskipti og viðskipti kalla á sífelld meiri og örari birtingu hagtalna. Alþjóðastofnanir setja staðla og samræmdar reglur um söfnun og úrvinnslu hagtalna. Hagstofa Íslands hefur í meira en 80 ár tekið þátt í samstarfi hagstofa Norðurlandanna. Þá hefur Hagstofan tekið þátt í Evrópska tölfræðisamstarfinu frá árinu 1989 og með formlegum hætti frá því að EES-samningurinn tók gildi árið 1994. Með samningaviðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu verður nauðsynlegt að efla samstarfið við Hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT, enn frekar.

Auk þess samstarfs sem að framan greinir hefur Hagstofan tekið þátt í hagskýrslusamstarfi Efnahags- og

framfarastofnunarinnar (OECD), Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Alþjóða gjaldeyrissjóðsins o.fl. Hagstofan hefur notið góðs af erlendu samstarfi og lagt sitt af mörkum við þróun hagskýrslugerðar og njóta sérfræðingar hennar viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Vegna aðhalds í rekstri á síðasta ári var dregið nokkuð úr alþjóðasamstarfi og Hagstofan hefur í vaxandi mæli þurft að hafna þátttöku í verkefnum með alþjóðastofnunum og viðurkenndum rannsóknarstofnunum. ■

Sérfræðingar Hagstofunnar njóta viðurkenningar á alþjóðavettvangi



Fjármál og rekstur

Heildartekjur 2009 voru 841,6 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 739,5 milljónir króna

HEILDARTEKJUR 2009 voru 841,6 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 739,5 milljónir króna og sértekjur 102,1 milljón króna, eða 12,1%.

SÉRTEKJUR

Af sértekjum voru 53,6 milljónir króna vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd og 17,9 milljónir króna vegna samstarfssamnings við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) og 3,5 milljónir króna vegna hliðarreikninga í ferðaþjónustu. Aðrar sértekjur eru einkum vegna verkefna sem unnin eru fyrir styrki frá EUROSTAT og vegna útseldrar sérfræðipjónustu auk sölu hagskýrslna.

REKSTRARGJÖLD

Rekstrargjöld 2009 voru samtals 775,2 milljónir króna, þar af var launakostnaður 579,3 milljónir króna og önnur rekstrargjöld 195,9 milljónir króna. Stærstu þættir í öðrum rekstrargjöldum voru húsnæðiskostnaður, 78 milljónir króna, og tölvu- og kerfisfræðipjónusta, 33,2 milljónir króna.

RAUNLÆKKUN ÚTGJALDA 10%


Heildargjöld ársins lækkuðu um 2,5% frá fyrra ári. Lækkun launakostnaðar um 4,4% má rekja til aðhaldsaðgerða eins og nánar er getið um í skýrslu

yfirstjórnar. Þá lækkaði tölvu- og kerfisfræðipjónusta um 24,4% sem skýrist af verkefni um þjónustuviðskipti við útlönd sem lauk á miðju ári 2009. Einnig lauk á árinu tímabundnum kostnaði vegna breytinga á húsnæði. Til viðmiðunar hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna um 7,1% á milli ára og almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysliverðs um 12%. Raunlækkun útgjalda varð því um 10% á milli ára.

TEKJUAFGANGUR

Tekjuafgangur, alls 66,4 milljónir króna, skýrist af þeirri ákvörðun yfirstjórnar að þegar á árinu 2009 yrði náð um helmingi af boðuðum 10% sparnaði ársins 2010, sem kom til viðbótar 6% sparnaði árið 2009. Var því gert ráð fyrir að skila um 30 milljóna króna tekjuafgangi árið 2009, en því til viðbótar námu skammtímakröfur tæplega 30 milljónum króna vegna tekna sem fást greiddar árið 2010 en voru tekjufærðar árið 2009. Í áætlunum Hagstofunnar var gert ráð fyrir að þær tekjur yrðu bókfærðar á árið 2010. Staða eigin fjár batnaði því um 66 milljónir króna og var 78 milljónir króna í árslok 2009. Þar af er um helmingur bókfærðar tekjur sem fást greiddar 2010 og helmingur er hluti af um 80 milljóna króna áformuðum sparnaði árið 2010. ■

TEKJUR OG GJÖLD, MILLJÓNIR KRÓNA




REKSTRARREIKNINGUR


| Milljónir króna | 2008 | 2009 |
|----------------------------------|--------------|--------------|
| Tekjur | | |
| Alls | 823,4 | 841,6 |
| Framlag úr ríkissjóði | 747,6 | 739,5 |
| Sértekjur | 75,8 | 102,1 |
| Gjöld | | |
| Alls | 796,8 | 775,2 |
| Laun | 605,9 | 579,3 |
| Ferðakostnaður, námskeið, fundir | 23,0 | 22,4 |
| Rekstur | 12,1 | 13,6 |
| Þjónusta | 71,1 | 62,4 |
| Verkkaup | 6,1 | 3,1 |
| Húsnæðiskostnaður | 70,3 | 77,9 |
| Eignakaup | 8,3 | 16,5 |
| Tekjuafgangur/halli | 26,6 | 66,4 |

Staða eigin fjár batnaði um 66 milljónir króna

TEKJUR



GJÖLD



Samstarf við notendur

Samstarf við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð

NOKKRAR ráðgjafarnefndir og notendahópar starfa í tengslum við Hagstofu Íslands, ýmist samkvæmt lögum, samningum eða að ósk Hagstofunnar. Virkt samráð við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð og lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Hagstofan kannar reglulega viðhorf notenda til framsetningar á gögnum stofnunarinnar. Birtingaráætlun tryggir jafnan aðgang allra að hagtölum á fyrirfram ákveðnum dagsetningum.

VEFKÖNNUN MEÐAL NOTENDA

Í desember 2009 kannaði Hagstofa Íslands afstöðu skráðra notenda til starfsemi stofnunarinnar en árið 2007 var samskonar athugun gerð vegna jafningjaúttektar hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT. Meginmarkmiðin voru að fá álit notenda á mismunandi flokkum opinberra hagtalna, gæðum þeirra, stundvísi birtinga, samanburð við samskonar hagtölur í öðrum löndum, að meta hvernig opinberar hagtölur eru notaðar, hvaðan þær eru helst sóttar auk annarra atriða. Niðurstöður verða birtar árið 2010.

NOTENDAHÓPAR OG RÁÐGJAFARNEFNDIR

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs starfar samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og skal hún vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar. Ráðgjafarnefndin hittist mánaðarlega á árinu 2009 í tengslum við birtingar á vísitölu neysluverðs.

Notendahópur um verðvísitölur hefur starfað frá árinu 2005 og er markmið hans að kynna það helsta sem fram fer á þessu sviði á Hagstofunni og fá frá notendum sjónarmið, ábendingar og gagnrýni. Notendahópurinn hittist tvisvar árið 2009 og meðal þess sem rætt var á fundunum var útreikningur vísitölunnar á krepputímum og nýr grunnur byggingarvísitölu.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Notendahópur um þjóðhagsreikninga hóf störf í ársbyrjun 2005 en markmiðið með starfi hópsins er að fá ábendingar frá notendum og ræða framsetningu á þjóðhagsreikningaefni sem birt er, ábendingar um efni sem notendum finnst helst vanta eða vera ofaukið og fleira. Hópurinn hittist einu sinni og var aðalumræðuefnið ný skýrsla um aðferðafræði í þjóðhagsreikningum sem Hagstofan skrifaði.

KJARARANNSÓKNARNEFND

Hagstofa Íslands og Kjararannsóknarnefnd gerðu með sér samstarfssamning árið 2004 um framkvæmd launarannsóknar og annarra vinnumarkaðsrannsóknna. Árlega er haldinn sameiginlegur fundur þar sem farið er yfir samstarfið auk þess að sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga starfar með Hagstofunni. Á síðasta ári var gerður sambærilegur samningur við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) sem gekk inn í samstarfið sem þegar var komið á laggirnar milli Kjararannsóknarnefndar og Hagstofunnar. Sameiginlegur ársfundur Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna með Hagstofu Íslands var haldinn í ársbyrjun 2010.

ENDURSKOÐUN BIRTINGAR- ÁÆTLUNAR OG ÁSKRIFT

Hagstofan gerir birtingaráætlun fyrir heilt almanaksár (1. janúar til 31. desember) og gefur hana út í nóvember ár hvert. Á henni eru fastar dagsetningar fyrir verðtryggingarvísitölur, launavísitölu (þar með talda vísitölu greiðslujöfnunar), svo og hagtölur um landsframleiðslu, vinnumarkað og utanríkisverslun. Annað efni en það sem að ofan greinir er fært á birtingaráætlunina í lotum en hver lota er tveir heilir almanaksmánuðir (núverandi og næsti). Í því felst að dagsetningar eru fullgildar tvo mánuði fram í tímann á birtingaráætluninni en aðrar dagsetningar geta tekið breytingum.

Reynist óhjákvæmilegt að víkja frá fastri dagsetningu sem fellur undir lotu gefur Hagstofan út fréttatilkynningu um það. Hagstofan birtir öllum notendum sínum efni sitt samtímis kl. 9.00 að morgni. Notendur geta fengið sendar tilkynningar um nýjar fréttir með tölvupósti, auk þess sem skiptiborð Hagstofunnar, upplýsingaþjónusta eða tiltekið verkswið veitir upplýsingar frá kl. 9.00 birtingardaginn. Notendum var jafnframt kynntur sá kostur að gerast áskrifendur að fréttatilkynningum og fá þær sendar í tölvupósti. ■

Birtingaráætlun tryggir jafnan aðgang notenda að hagtölum




Starfsmannamál

Auk fækkunar ársverka 2009 voru laun lækkuð hjá starfsmönnum


STÖÐUGLEIKI og aðhald einkenndi árið 2009 í starfsmannamálum. Fastráðnir starfsmenn voru 85 í lok árs og að auki störfuðu 83 lausráðnir spyrjar í tíma-vinnu við innsöfnun gagna á árinu, er starf þeirra metið til sex ársverka. Tveir nýir starfsmenn hófu störf árið 2009 og komu þeir báðir til Hagstofunnar frá fjármálaráðuneytinu sem hluti af nýrri rannsóknadeild við stofnunina. Ekki var ráðið í afleysingar vegna starfsmanna sem voru í leyfi á árinu né

heldur ráðið í störf sem losnuðu árið 2008. Ársverkum fækkaði því um fjögur, eða tæplega 5%, en þau voru samtals 78,5 árið 2009 en höfðu verið 82,6 árið áður. Auk fækkunar ársverka voru laun lækkuð hjá starfsmönnum til að bregðast við auknum kröfum um aðhald í ríkisrekstri. Sú aðgerð var gerð með þriggja mánaða uppsagnarfresti og kom ekki til framkvæmda fyrir en í upphafi árs 2010.

FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR KYNI



MENNTUN STARFSMANNA EFTIR KYNI



MEÐALALDUR 44 ÁR

Meðalaldur starfsmanna Hagstofunnar var rúm 44 ár og höfðu starfsmenn starfað að meðaltali í rúmlega 7,4 ár við stofnunina.

VIÐVERUSTEFNA

Hagstofan tók upp viðverustefnu í maí 2009 og er tilgangur hennar að skapa sameiginlegan skilning á viðveru og tryggja þannig jafnræði milli starfsmanna. Í viðverustefnunni er nánar útfært hvernig skuli staðið að sveigjanlegum vinnutíma og samhæfingu einkalífs í samræmi við starfsmannastefnu Hagstofunnar. Til að styðja við viðverustefnuna og auka á gagnsæi í orlofsmálum var viðverukerfið Vinnustund innleitt hjá Hagstofunni.

ÖFLUGT STARFSMANNAFÉLAG


Starfsmannafélag Hagstofunnar stóð að ýmsum viðburðum á árinu. Félagið skipulagði glæsilega árshátíð, spurningakeppni, jólaball, keilumót, fjallgöngu og grímuball. Starfsmannafélagið sinnir mikilvægu hlutverki í starfsmannastefnu Hagstofunnar og stuðlar að betri starfsanda og einhug starfsmanna.

FRÆÐSLUÁÆTLUN Í SAMRÁÐI VIÐ STARFSMENN

Árið 2009 var unnið eftir fræðsluáætlun sem mótuð var í samráði við starfsmenn. Hagstofuskólinn er vettvangur innri fræðslustarfsemi stofnunarinnar og fer þar fram fræðslustarf sérsniðið að starfsemi stofnunarinnar. Lögð var áhersla á að fræða starfsfólk um málefni umsóknar Íslands að ESB enda áhrif þessa umtalsverð á starfsemi stofnunarinnar á næstu árum. Einnig voru haldin námskeið um útgáfu- og upplýsingatæknimál á vegum Hagstofuskólans auk aðkeyptrá námskeiða í tíma- og streitustjórnun. Auk innra fræðslustarfs var haldinn fjöldi kynninga á einstökum verkefnum, áhugaverðum niðurstöðum og starfsemi deilda. Að auki sóttu um 10 starfsmenn sérhæfð námskeið sem haldin voru af öðrum aðilum. ■

Lögð var áhersla á að fræða starfsfólk um málefni sem snúa að umsókn Íslands að ESB

MEÐALSTARFSALDUR EFTIR STARFI



Tölfræði um tölfræði

Fyrirspurnir í enskar töflur um þjóðhagsreikninga hafa aukist verulega


VEFUR Hagstofunnar gegnir veigamiklu hlutverki við miðlun á hagtölum og má þar finna mikið magn tölulegra upplýsinga um íslenskt þjóðfélag og hag einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Notendur eru af öllum toga en undanfarin ár og misseri hefur notkun á enskum hluta vefsins aukist verulega. Frá apríl 2003 hefur vefurinn verið í virkri vefmælingu hjá Modernusi sem hefur gefið viðamiklar upplýsingar um gesti, heimsóknir og notkun á vefnum.

ÞÚSUND TÖFLUR


Á vef Hagstofunnar eru mörg stór gagnasöfn sem notendur geta sótt sjálfir. Alls eru um þúsund töflur á íslenskum hluta vefsins og svipaður fjöldi í enska hlutanum. Fyrirspurnir í gagnasöfn á vef hafa aukist gríðarlega síðustu ár. Sérstaklega má nefna aukinn áhuga á upplýsingum um efnahagsmál í kjölfar efnahagshruns í október 2008 og aukinnar umræðu í kjölfar þess, en fyrirspurnir í enskar töflur um þjóðhagsreikninga hafa aukist verulega.

FJÖLDI GESTA Á VEF HAGSTOFUNNAR

Skv. samræmdri vefmælingu Modernusar



FJÖLDI FRÉTTA





457 FRÉTTIR

Árið 2009 birti Hagstofa Íslands 457 fréttir á vefsvæði sínu, þar af voru 241 íslensk og 216 enskar, en það er tæplega 17% fjölgun frá árinu 2008.

LANDSHAGIR OG HAGTÍÐINDI


Hagtöluárbók Hagstofunnar, *Lands-
hagir*, kom út á árinu í nítjándá sinn. Árið 2009 voru gefin út 69 Hagtíðindi sem er sambærilegur fjöldi og fyrri ár en hagskýrslur hafa verið gefnar út á núverandi sniði síðan 2004. Sjá má lista yfir útgáfunar árið 2009 á bls. 26–27.

TÖLFRÆÐIBÓKASAFN

Hagstofan hýsir tölfræðibókasafn sem er opið almenningi. Starfsemi safns-
ins hefur verið með svipuðum hætti og fyrri ár. Heildarfjöldi útlána var 198 á árinu sem er veruleg fækkun. Árlega eru um 500 ný rit skráð í bókakostinn og er kostnaði haldið í lagmarki með því að fá stóran hluta bóka og tímarita með ritaskiptum við aðrar tölfræðistofnanir. ▶

Fréttum fjölgaði um 17% frá árinu 2008

FJÖLDI ÚTLÁNA Á BÓKASAFNI HAGSTOFUNNAR



23 þúsund manns tóku þátt í úrtaksrannsóknunum Hagstofunnar árið 2009

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA


Til upplýsingaþjónustu Hagstofunnar berast að meðaltali rúmlega 400 fyrirspurnir mánaðarlega en að auki berst mikill fjöldi fyrirspurna beint til sérfræðinga á viðkomandi efnissviði.

ÚRTAKSRANNSÓKNIR OG STJÓRNSÝSLUSKRÁR


Hagstofan framkvæmir ár hvert umfangsmiklar úrtaksrannsóknir í spyrnaverri sínu. Þær rannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum landsins eru vinnumarkaðsrannsókn,

lífskjararannsókn, rannsókn á notkun einstaklinga og heimila á upplýsingatækni og rannsókn á útgjöldum heimilanna. Heildarfjöldi þátttakenda var rúmlega 23 þúsund á síðasta ári og svörun tæp 70%. Úrtaksrannsóknir sem ná til fyrirtækja eru rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, iðnaðarskýrslur og launarrannsókn. Til að draga úr svarbyrði einstaklinga og fyrirtækja er lögð áhersla á að nota stjórnsýsluskrár til að afla gagna þar sem þess er kostur. ■

MEÐALFJÖLDI FYRIRSPURNA Í TÖFLUR Á MÁNUÐI



FJÖLDI FYRIRSPURNA TIL UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU



Afnot af gögnum

TIL að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert og hún birt á vef Hagstofunnar þannig að notendum sé ljóst hvenær tilteknar upplýsingar verða aðgengilegar. Mikil áhersla er lögð á trúnað og fá aðilar utan Hagstofunnar almennt ekki aðgang að gögnum umfram það sem birt er almenníngi og öllum er opið á vef Hagstofunnar. Jafnframt fá starfsmenn innan stofnunarinnar ekki aðgang að upplýsingunum nema þær séu nauðsynlegur hluti af verkefnum þeirra. Sé aðila veittur aðgangur að upplýsingum áður en þær eru birtar er gerð grein fyrir því sérstaklega á vef Hagstofunnar.

TRÚNAÐARGAGNANEFND

Á Hagstofunni starfar Trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem berast einkum frá vísindafólki um aðgang að trúnaðargögnum vegna rannsóknarverkefna. Strangar reglur gilda um slíkt aðgengi og er í þeim efnum byggt á verklagsreglum um meðferð trúnaðargagna frá 29. desember 2006, lögum nr. 163/2007 um Hagstofu

Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lögum og reglugerðum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (Vísindasiðanefnd), reglugerð þings og ráðs ESB nr. 223/2009 um evrópska hagskýrslugerð, trúnaðarupplýsingar o.fl., auk verklagsreglna í evrópskri hagskýrslugerð 24. febrúar 2005.

34 ERINDI

Árið 2009 tók Trúnaðargagnanefnd til umfjöllunar 34 erindi sem henni bárust og er það sami fjöldi mála og árið 2008. Langflest þeirra varða aðgengi rannsakenda að upplýsingum í dánarmeinaskrá Hagstofunnar vegna vísindarannsókna. Nefndin leggur áherslu á að fylgt sé settum verklagsreglum og að baki hverri rannsókn séu traustir bakhjarlar; að rannsóknir sem varða persónugreinanlegar upplýsingar séu tilkynntar Persónuvernd og Vísindasiðanefnd ef um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar er að ræða. Samvinna við þessa aðila árið 2009 var með ágætum. ■

Til að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert



Skýrsla Eurostat

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um stöðu hagskýrslugerðar á Íslandi

HINN fyrsta desember 2009 skilaði sendinefnd framkvæmdastjórnarinnar, EUROSTAT, skýrslu með mati á stöðu hagskýrslugerðar á Íslandi. Ísland hefur tekið virkan þátt í hagskýrslusamstarfi ESB frá því að EES-samningurinn gekk í gildi árið 1994. Flestar reglugerðir ESB um hagskýrslugerð hafa verið teknar inn í viðauka XXI í EES-samningnum og eru því lagalega bindandi á Íslandi. Aðildarumsókn Íslands að ESB hefur því ekki viðtæk áhrif á skuldbindingar í hagskýrslugerð ef frá er talin utanríkisverslun, hluti af þjóðhagsreikningum og ákveðin tölfræði um landbúnaðarmál. Eftirfarandi er útdráttur úr helstu niðurstöðum sendinefndarinnar.

INNVIÐIR TRAUSTIR

Í meginniðurstöðum skýrslu sendinefndarinnar segir að innviðir hagskýrslugerðar á Íslandi séu traustir. Lög um hagskýrslugerð séu í samræmi við alþjóðleg viðmið. Hagstofa Íslands sé sjálfstæð í störfum sínum og byggi á verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð. Húsnæði og upplýsingatæknikerfi séu í samræmi við kröfur. Þó þurfi að auka samstarf Hagstofu Íslands og nokkurra ráðuneyta og stofnana í opinberri hagskýrslugerð.

RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS ÁHYGGJUEFNI

Jafnframt segir í skýrslunni að ráðstöfun nægilegs mannafla og fjármagns til hagskýrslugerðar sé verulegt áhyggjuefni. Sem viðbrögð við fjármálakreppunni hafi fjárveitingar Hagstofu Íslands verið skornar niður í tveimur skrefum um 6% árið 2009 og fjárlög fyrir árið 2010 geri ráð fyrir 10% niðurskurði. Hagstofa Íslands hafi því ekki haft bolmagn til að ráða í störf sem hafi losnað. Tímabundnar afleysingar vegna fæðingarorlofs séu ekki heldur mögulegar. Hagstofan hafi

því í raun minnkað mannafla um fjögur stöðugildi, eða 5% af mannafla. Ferðir til útlanda hafi verið skornar niður um 40% árið 2009 (mest vegna ferða á vinnufundi EUROSTAT). Niðurskurðurinn komi á sama tíma og Hagstofan ætti að hraða þróunarvinnu og sækja fundi EUROSTAT í auknum mæli. Möguleikar til að styðja Ísland hafi verið ræddir en aðstoðin verði ekki tiltæk fyrr en undir árslok 2010.

Í skýrslunni segir að flokkunarkerfi séu til staðar og að þau séu í samræmi við lög ESB. Stjórnvaldsskrár um fyrirtæki séu til staðar en fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar skorti og henni verði að koma á fót.

HVATT TIL BETRI SKILA Á GÖGNUM

Tölfræði um geira hagkerfisins (fyrirtæki, heimili, hið opinbera o.fl.), er talin í samræmi við kröfur á flestum sviðum, en ef eitthvað sé að þá séu það smávægileg vandamál sem þurfi að leysa. Þar sem vandamál komu í ljós er það að mestu vegna tafa eða hnökra í skilum á tölfræði til EUROSTAT. Oft eru til gögn en þeim er ekki skilað. Hvatt er til betri skila á gögnum.

Nokkur vandamál valda þó áhyggjum, að mati sendinefndarinnar. Fyrirtækjatölfræði (upplýsingar um fyrirtækjarekstur og skammtímatölfræði) er mjög skammt á veg komin miðað við lagalegar skuldbindingar og enn vantar margar breytur í fyrirtækjatölfræði. Til að bæta úr þessu þarf að hraða vinnu við gerð fyrirtækjaskráar til hagskýrslugerðar.



LANDBÚNAÐARTÖLFRÆÐI VANTAR

Trausta landbúnaðartölfræði skortir og ekki virðist nein stofnun bera ábyrgð á að skila þeirri tölfræði. Stjórnvalds-skrár virðast vera að miklum gæðum á sumum sviðum og gætu orðið grunnurinn að tölfræði um landbúnað. Gera þarf greiningu á núverandi fyrirkomulagi gagnaöflunar um landbúnað og gera áætlun um að koma tölfræðinni til samræmis við lagalegar skuldbindingar.

Gera má ráð fyrir að tölfræði um sjávarútvegsmál leiki lykilhlutverk við aðildarviðræðurnar. Ráðgerð er sérstök sendinefnd frá EUROSTAT vorið 2010 til að fara ítarlega yfir aðferðafræði og uppruna þeirra gagna sem eru grunnur þeirrar tölfræði.

UMBÆTUR

Frekari umbætur í þjóðhagsreikningum eru nauðsynlegar, einkum í framleiðslu-uppgjöri, geirareikningum fyrir fjármál og aðra þætti þjóðhagsreikninga ásamt mati á verð- og magnbreytingum.

Frekari umbætur þarf einnig að gera á sviði vinnumarkaðstölfræði og tölfræði um umhverfismál.

Til skemmri tíma er nauðsynlegt að tryggja fjármögnun mikilvægra kannana, einkum könnunar um fyrirkomulag landbúnaðar sem á að gera árið 2010 og manntalsins sem á að gera árið 2011.

NIÐURSTÖÐUR

Að því gefnu að nægu mannafla og fjármagni verði ráðstafað til hagskýrslugerðar ætti Ísland ekki að eiga í teljandi erfiðleikum með að uppfylla lagalegar skuldbindingar á sviði hagskýrslugerðar á næstu árum. Ísland ætti að senda EUROSTAT fleiri gögn sem nú eru tiltæk. Taka verður á eftirfarandi málum af festu:

- » Mannafla og fjármagn sem varið er til hagskýrslugerðar er af of skornum skammti til að hægt sé að standa við lagalegar skuldbindingar og verður að auka við það.
- » Taka verður á veikleikum, einkum á sviði landbúnaðartölfræði, fyrirtækjatölfræði og þjóðhagsreikningum. Forgangsverkefni í því sambandi er að koma á fót fyrir-tækjaskrá til hagskýrslugerðar og að staðgreiðsluskrá komi að fullum notum við hagskýrslugerð.
- » Tryggja verður fjármagn til að gera lykilkannanir, einkum um fyrirkomulag landbúnaðar árið 2010 og manntalið árið 2011.
- » Hagstofa Íslands verður að styrkja samræmi í opinberri hagskýrslugerð í samvinnu við aðra sem koma að henni. ■

Ráðstöfun mannafla og fjármagns til hagskýrslugerðar er verulegt áhyggjuefni


Lög ESB um hagskýrslur

Í árslok voru 254 lagagerðir sem varða hagskýrslugerð í gildi í EES-samningnum

ÁRIÐ 2009 samþykkti þingi og ráð Evrópusambandsins (ESB) alls 10 gerðir í hagskýrslugerð og framkvæmdastjórnin samþykkti það ár 18 gerðir, þar af tvenn tilmæli, eða samtals 28 gerðir. „Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá ESB. Í árslok voru nærri 254 lagagerðir sem varða hagskýrslugerð í gildi í EES-samningnum. Frá því samningurinn um EES tók gildi í upphafi árs 1994 hafa verið teknar í samninginn 318 hagskýrslugerðir, en 64 þeirra hafa fallið úr gildi, oftast vegna breytinga og viðbótarákvæða fyrir hagskýrslugerðina.

Taflan sem hér fylgir sýnir yfirlit yfir þær hagskýrslugerðir ESB sem samþykktar voru árið 2009 og eru bindandi á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þegar gerðir ESB hafa verið samþykktar eru þær teknar upp í EES-samninginn. Gerðirnar eru annars vegar samþykktar af þingi og ráði ESB og hins vegar af framkvæmdastjórn. Þær gerðir sem framkvæmdastjórn ESB samþykkir eru oftast nánari útfærsla á framkvæmd laga sem þingið og ráðið hefur samþykkt. ■

FJÖLDI ESB-GERDA EFTIR GILDISTÖKU MIÐAÐ VIÐ ÁRIÐ 2009



NÝJAR EES/ESB-GERÐIR Í HAGSKÝRSLUGERÐ ÁRIÐ 2009

| | Númer ESB-lagatexta | |
|--|------------------------|-----|
| Almennt | | |
| Grunnreglugerð um skipulag evrópska hagskýrslusamstarfsins | 223/2009 | PCR |
| Tilmæli um gerð lýsigagna fyrir hagtolur | 498/2009 | CX |
| Efnahagsmál | | |
| Breyting á reglugerð um greiðslujöfnuð og viðskipti við útlönd | 707/2009 | CR |
| Utanríkisverslun ESB-ríkja við önnur ríki. Ný grunnreglugerð | 471/2009 | CR |
| Fiskveiðar. Ný grunnreglugerð um aflaskýrslur utan N-Atlantshafssvæðis | 216/2009 | PCR |
| Fiskveiðar. Ný grunnreglugerð um aflaskýrslur á NV-Atlantshafssvæði | 217/2009 | PCR |
| Fiskveiðar. Ný grunnreglugerð um aflaskýrslur á NA-Atlantshafssvæði | 218/2009 | PCR |
| Flutningar vöru og farþega á sjó. Ný grunnreglugerð ESB | 42/2009 | PCR |
| Fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Meðferð trúnaðargagna | 192/2009 | CR |
| Hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Fjármögnun fyrirtækja | 97/2009 | CR |
| Hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Gagnaskil | 250/2009 | CR |
| Hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Afurðaflokkun ESB (CPA) | 251/2009 | CR |
| Gæðaskýrslur varðandi hagtolur um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага | 834/2009 | CR |
| Nýsköpun. Breyting á reglugerð | 540/2009 | CR |
| Hagtolur um tækni og netnotkun einstaklinga og heimila | 1006/2009 | PCR |
| Endurskoðaður breytulisti vegna hagskýrslna um upplýsingatækni | 1023/2009 | CR |
| Samræmda neysliverðsvisitalan. Um árstíðabundnar vörur | 330/2009 | CR |
| Skammtímahagtolur. Viðbætur við reglugerð ESB/1165/98 | 329/2009 | CR |
| Listi yfir framleiðsluvörur árið 2008 | 36/2009 | CR |
| Útfærsla á ákvæðum um útreikning á skuldum hins opinbera | 479/2009 | PCR |
| Félagsmál | | |
| Laus störf. Tæknileg framkvæmdaaatriði | 19/2009 | CR |
| Lífskjararannsókn. Aukarannsókn um ábyrgð á heimilum | 646/2009 | CR |
| Reglugerð um beitingu nýrrar starfaflokkunar (ISCO-08) frá og með árinu 2011 | 1022/2009 | CR |
| Tilmæli um flokkun starfa (samkvæmt ISCO-08) | 824/2009 | CX |
| Vinnumarkaðsrannsókn. Aukarannsókn um samþættun fjölskyldulífs og vinnu | 20/2009 | CR |
| Umhverfismál | | |
| Hagtolur um úrgang. Ný grunnreglugerð | 221/2009 | PCR |
| Endurskoðuð reglugerð varðandi hagtolur um notkun skordýraeiturs | 1185/2009 | PCR |
| Landbúnaður | | |
| Hagskýrslur um uppskeru í landbúnaði | 543/2009 | PCR |

„Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá Evrópusambandinu

CR = Reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
 CX = Tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
 PCR = Reglugerð þings/ráðs Evrópusambandsins

Skipurit

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu

HAGSTOFA Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg mál-efni. Hagstofan skiptist í þrjú svið, efnahagssvið, félagsmálasvið og þjónustu- og þróunarsvið, auk yfirstjórnar.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri. Rekstur og fjármál heyra beint undir hann ásamt starfsmannahaldi og fræðslumálum. Þá heyrir rannsóknadeild undir hann en hún var stofnuð 2009.

EFNAHAGSSVIÐ

Á efnahagssviði starfar framleiðslu- og fyrirtækjadeild að hagskýrslugerð um fyrirtæki, afla, iðnaðarframleiðslu, ferðamannaíðnað, notkun upplýsingatækni og fleira. Utanríkisverslunardeild starfar að úrvinnslu gagna um útflutning, innflutning og vöruskiptin við útlönd. Vísitöludeild vinnur vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og skyldar verðvísitölur. Þá sér deildin um alþjóðlegan verðsamanburð (PPP) og frágang og útgáfu á niðurstöðum úr útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Deild um þjóðhagsreikninga vinnur að framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga, gerð ársfjórðungsreikninga og tekjuathugunum. Deild um opinber fjármál vinnur að gerð hagvísu og annast hagskýrslugerð um búskap hins opinbera og tekjuskiptingu. Rósmundur Guðnason er skrifstofustjóri efnahagssviðs.


FÉLAGSMÁLASVIÐ

Á félagsmálasviði starfar atvinnu- og félagsmáladeild að hagskýrslugerð um vinnumarkað, lífskjör og félagsmál, heilbrigðismál, stöðu kynja, dómsmál og umhverfismál. Launa- og kjaramáladeild annast söfnun og úrvinnslu gagna um kaup og kjör og launakostnað. Mannfjölda- og manntalsdeild annast skýrslugerð um mannföldann og breytingar hans. Mennta- og menningarmáladeild safnar og vinnur úr gögnum um nemendur og skólamál, menningarmál og fjölmiðla. Magnús S. Magnússon er skrifstofustjóri félagsmálasviðs og er hann jafnframt staðgengill hagstofustjóra.

ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Þjónustu- og þróunarsvið fæst við ýmis verkefni sem tengjast allri starfsemi Hagstofunnar. Tvær deildir heyra undir sviðið. Upplýsingatækni og miðlun annast útgáfumál, upplýsingagjöf, miðlun og birtingar á vef, svo og vefi Hagstofunnar og fer jafnframt með allt er snertir tölvukerfi og hugbúnað Hagstofunnar. Rannsóknir og gagnasöfnun vinnur, eins og nafnið bendir til, að framkvæmd rannsókna og annarri gagnasöfnun. Innan sviðsins er enn fremur unnið að ýmsum þróunarmálum sem varða meðal annars hugbúnað, staðla, flokkunarkerfi og gæðamál. Hrafnhildur Arnkelsdóttir er skrifstofustjóri þjónustu- og þróunarsviðs.


Hagstofustjóri, skrifstofustjórar og fjármálastjóri mynda yfirstjórn Hagstofunnar. ■





Hagtiðindi

Árið 2009 var 94. árgangur HAGTÍÐINDA. Frá árinu 2004 hefur ritröðin komið út í 15 ólíkum efnisflokkum auk Hagvísu. Að meðaltali kemur út eitt hefti í viku hverri allt árið um kring. Gefin voru út 69 hefti 2009 (sjá hér að neðan).



Íslensk starfaflokkun

Hagstofan gaf út Íslenska starfaflokkun — ÍSTARF95 — í aukinni og endurbættri útgáfu árið 2009. Flokkunin er byggð á alþjóðlegu starfaflokkuninni ISCO-88.

MANNFJÖLDI

Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008

24 bls.
Útgefið 20. janúar 2009
Umsjón: Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson, Helga Katrín Tryggvadóttir
Mannfjöldi 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 4. tbl.

Búsetuþróun 1988–2007

24 bls.
Útgefið 26. mars 2009
Umsjón: Ómar Harðarson
Mannfjöldi 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 19. tbl.

Endurkomur brottfluttra 1986–2008

16 bls.
Útgefið 10. desember 2009
Umsjón: Brynjólfur Sigurjónsson, Ómar Harðarson
Mannfjöldi 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 67. tbl.

LAUN, TEKJUR OG VINNUMARKAÐUR

Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2008

8 bls.
Útgefið 14. janúar 2009
Umsjón: Lárus Blöndal, Ólafur Már Sigurðsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 3. tbl.

Vísitala launa 2008

16 bls.
Útgefið 18. mars 2009
Umsjón: Gunnar Axel Axelsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 18. tbl.

Laun á almennum vinnumarkaði 2008

36 bls.
Útgefið 6. apríl 2009
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 23. tbl.

Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2009

8 bls.
Útgefið 17. apríl 2009
Umsjón: Lárus Blöndal, Ólafur Már Sigurðsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:4
Hagtiðindi 94. árg. 24. tbl.

Lágtækjumörk og tekjudreifing 2003–2006

24 bls.
Útgefið 24. apríl 2009
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:5
Hagtiðindi 94. árg. 27. tbl.

Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2009

8 bls.
Útgefið 15. júlí 2009
Umsjón: Lárus Blöndal, Ólafur Már Sigurðsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:6
Hagtiðindi 94. árg. 43. tbl.

Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2009

8 bls.
Útgefið 14. október 2009
Umsjón: Lárus Blöndal, Ólafur Már Sigurðsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2009:7
Hagtiðindi 94. árg. 56. tbl.

FYRIRTÆKI OG UMSVIF

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2008

4 bls.
Útgefið 30. janúar 2009
Umsjón: Stefán Sigurðsson
Fyrirtæki og umsvif 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 6. tbl.

Ársreikningar fyrirtækja 2006–2007

36 bls.
Útgefið 15. júlí 2009
Umsjón: Hrönn Kristinsdóttir
Fyrirtæki og umsvif 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 42. tbl.

SJÁVARÚTVEGUR

Fiskiskipastóllinn í árslok 2008

16 bls.
Útgefið 2. mars 2009
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 11. tbl.

Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2007

12 bls.
Útgefið 27. apríl 2009
Umsjón: Gyða Þórðardóttir
Sjávarútvegur 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 28. tbl.

Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2008

28 bls.
Útgefið 11. maí 2009
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 31. tbl.

Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2008

16 bls.
Útgefið 5. júní 2009
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2009:4
Hagtiðindi 94. árg. 36. tbl.

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2008

52 bls.
Útgefið 7. ágúst 2009
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2009:5
Hagtiðindi 94. árg. 46. tbl.

Afli erlendra ríkja við Ísland 2008 og heimsafinn 2007

16 bls.
Útgefið 18. desember 2009
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2009:6
Hagtiðindi 94. árg. 69. tbl.

IÐNAÐUR

Verðmæti seldra framleiðsluvara 2008

8 bls.
Útgefið 1. júlí 2009
Umsjón: Stefán Sigurðsson
Iðnaður 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 39. tbl.

FERÐAMÁL OG SAMGÖNGUR

Gistiskýrslur 2008

36 bls.
Útgefið 27. febrúar 2009
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir
Ferðamál og samgöngur 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 10. tbl.

Ferðavenjurannsókn 2007–2008

20 bls.
Útgefið 25. nóvember 2009
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir, Árni Fannar Sigurðsson
Ferðamál og samgöngur 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 60. tbl.

UPPLÝSINGATÆKNI

Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2009

20 bls.
Útgefið 7. október 2009
Umsjón: Bylgja Árnadóttir
Upplýsingatækni 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 55. tbl.

VERÐLAG OG NEYSLA

Vísitala neysluverðs apríl 2008–2009

36 bls.
Útgefið 19. maí 2009
Umsjón: Guðrún R. Jónsdóttir, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 32. tbl.

Vísitala byggingarkostnaðar 2009

12 bls.
Útgefið 2. desember 2009
Umsjón: Heiðrún Guðmundsdóttir, Stefán Logi Sigurbórsson
Verðlag og neysla 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 62. tbl.

Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2006–2008

40 bls.
Útgefið 11. desember 2009
Umsjón: Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Finn- bogi Gunnarsson, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 68. tbl.

HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG DÓMSMÁL

Konur og karlar í áhrifastöðum 2008

32 bls.
Útgefið 23. janúar 2009
Umsjón: Sigríður Vilhjámsdóttir
Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 5. tbl.

Almannatryggingar og velferðarmál 2008

44 bls.
Útgefið 19. október 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 57. tbl.



Íslensk atvinnugreinaflokkun

Hagstofan gaf út Íslenska atvinnugreinaflokkun — ÍSAT2008 — á árinu. Hún er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð og gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.



Landshagir 2009

Hagtöluárbók Hagstofunnar, LANDSHAGIR, kom út í 19. sinn árið 2009. LANDSHAGIR eru lykilrit fyrir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi. Ritið skiptist í 23 kafla og í því eru 344 töflur og 44 myndrit.

UTANRÍKISVERSLUN

Útanríkisverslun með vörur 2008

28 bls.
Útgefið 22. apríl 2009
Umsjón: Auður Ólína Svavarsdóttir
Útanríkisverslun 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 25. tbl.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Landsframleiðslan 2008

16 bls.
Útgefið 6. mars 2009
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 14. tbl.

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2008

8 bls.
Útgefið 6. mars 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 15. tbl.

Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2008

12 bls.
Útgefið 9. mars 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 16. tbl.

Fjármál hins opinbera 2008, bráðabirgðauppgjör

48 bls.
Útgefið 10. mars 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:4
Hagtiðindi 94. árg. 17. tbl.

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2009

16 bls.
Útgefið 8. júní 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:5
Hagtiðindi 94. árg. 37. tbl.

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2009

12 bls.
Útgefið 8. júní 2009
Umsjón: Benedikt Hálfðanarson
Þjóðhagsreikningar 2009:6
Hagtiðindi 94. árg. 38. tbl.

Landsframleiðslan 2008 — endurskoðun

16 bls.
Útgefið 4. september 2009
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2009:7
Hagtiðindi 94. árg. 49. tbl.

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2009

12 bls.
Útgefið 4. september 2009
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2009:8
Hagtiðindi 94. árg. 50. tbl.

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2009

16 bls.
Útgefið 7. september 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:9
Hagtiðindi 94. árg. 51. tbl.

Fjármál hins opinbera 2008

48 bls.
Útgefið 11. september 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:10
Hagtiðindi 94. árg. 52. tbl.

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2009

16 bls.
Útgefið 7. desember 2009
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2009:12
Hagtiðindi 94. árg. 66. tbl.

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2009

12 bls.
Útgefið 7. desember 2009
Umsjón: Benedikt Hálfðanarson
Þjóðhagsreikningar 2009:11
Hagtiðindi 94. árg. 65. tbl.

SKÓLAMÁL

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008

28 bls.
Útgefið 19. febrúar 2009
Umsjón: Konráð Ásgrímsson, Ásta M. Urbancic
Skólamálið 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 9. tbl.

Nýnemar á háskólastigi 1997–2007

16 bls.
Útgefið 2. apríl 2009
Umsjón: Ásta M. Urbancic
Skólamálið 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 20. tbl.

Grunnskólar 2007–2008

24 bls.
Útgefið 28. maí 2009
Umsjón: Haukur Pálsson, Ásta M. Urbancic
Skólamálið 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 33. tbl.

KOSNINGAR

Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006

48 bls.
Útgefið 27. nóvember 2009
Umsjón: Sigríður Vilhjálmisdóttir
Kosningar 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 61. tbl.

HAGVÍSAR

Hagvísar í janúar 2009

12 bls.
Útgefið 7. janúar 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2009:1
Hagtiðindi 94. árg. 1. tbl.

Hagvísar í febrúar 2009

12 bls.
Útgefið 4. febrúar 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2009:2
Hagtiðindi 94. árg. 7. tbl.

Hagvísar í mars 2009

12 bls.
Útgefið 4. mars 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2009:3
Hagtiðindi 94. árg. 12. tbl.

Hagvísar í apríl 2009

12 bls.
Útgefið 3. apríl 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2009:4
Hagtiðindi 94. árg. 21. tbl.

Hagvísar í maí 2009

12 bls.
Útgefið 6. maí 2009
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2009:5
Hagtiðindi 94. árg. 29. tbl.

Hagvísar í júní 2009

12 bls.
Útgefið 4. júní 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:6
Hagtiðindi 94. árg. 34. tbl.

Hagvísar í júlí 2009

12 bls.
Útgefið 3. júlí 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:7
Hagtiðindi 94. árg. 40. tbl.

Hagvísar í ágúst 2009

12 bls.
Útgefið 6. ágúst 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:8
Hagtiðindi 94. árg. 44. tbl.

Hagvísar í september 2009

12 bls.
Útgefið 3. september 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:9
Hagtiðindi 94. árg. 47. tbl.

Hagvísar í október 2009

12 bls.
Útgefið 5. október 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:10
Hagtiðindi 94. árg. 53. tbl.

Hagvísar í nóvember 2009

12 bls.
Útgefið 4. nóvember 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:11
Hagtiðindi 94. árg. 58. tbl.

Hagvísar í desember 2009

12 bls.
Útgefið 3. desember 2009
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Hagvísar 2009:12
Hagtiðindi 94. árg. 63. tbl.

